

Mánudaginn hinn 24. októbermánaðar.

Nr. 32/1898:

Kristján Þorgrímsson

gegn

Jóni Breiðfjörð.

D ó m u r :

Fyrir nokkrum árum flutti þáverandi yfir-  
rjettarmálsfærslumaður Páll Einarsson mál fyrir  
yfirdómi fyrir hinn stefnda Jón hreppstjóra Breið-  
fjörð, og setti hann upp 40 kr. sem borgun fyrir  
málflutninginn. Með því að Jón Breiðfjörð eigi  
vildi greiða upphæð þessa, seldi Páll Einarsson á-  
frýjandanum Kristjáni Þorgrímssyni hana í hend-  
ur, er síðan lögsótti Jón Breiðfjörð um hana fyrir  
gestarjetti Kjósar og Gullbringusýslu, og lauk  
málssókn þeirri með dómi gestarjettarins hinn 30.  
apríl þ. á. á þá leið, að Jón Breiðfjörð var dæmd-  
ur til að greiða Kristjáni Þorgrímssyni 40 kr. með  
5% vöxtum frá stefnudegi 13. apríl þ. á., þangað  
til borgun fer fram, og 39 kr. sem málskostnað.  
Með stefnu, dags. 9. júlí þ. á., skaut síðan Krist-  
ján Þorgrímsson dómi þessum til yfirjettarins;  
hefur hann getið þess, að hann hafi þótt til-  
neyddur að áfrýja dóminum til staðfestingar af  
sinni hálfu, með því að Jón Breiðfjörð þegar í vor  
hafi tekið út áfrýjunarstefnu í málinu, með óvið-  
unanlega löngum stefnufresti, þar sem stefnan eigi  
átti að falla í rjett fyrir en 24. oktbr. þ. á. Hef-  
ur nú Kristján Þorgrímsson krafizt þess hjer fyrir  
rjettinum, að gestarjettardómurinn verði að öllu  
leyti staðfestur, og að stefndi verði dæmdur til að  
greiða honum málskostnað með 30 kr. eða ein-

hverju nægilegu eptir rjettarins mati. Á hinn bóginn hefur Jón Breiðfjörð gagnáfrýjað málinu með stefnu til yfirdómsins, útgefinni 25. júlí þ. á., og hefur hann krafizt þess, að hann verði algjörlega sýknaður í málinu og honum tildæmdnr málskostnaður fyrir báðum dómum með hæfilegri upphæð.

Það er enginn ágreiningur milli málsaðilanna um það, að Páll sýslumaður Einarsson hafi fyrir nokkrum árum (1892) flutt mál við yfirdóminn fyrir gagnáfrýjanda, og að honum hafi borið kaup fyrir málsfærsluna, sem enn sje ógreitt. Gagnáfrýjandi segir, að sá samningur hafi gjörzt milli þeirra, að Páll skyldi hafa þann kostnað, sem honum (gagnáfrýjanda) yrði tildæmdur í málinu, en ef hann tapaði því, skyldi gagnáfrýjandi borga honum 20 kr. fyrir málsfærsluna; bæði vegna þessa, og svo hins, að hann fjekk að eins ósundurliðaðan reikning frá Páli Einarssyni yfir málsfærslukaupið, segist hann ekki hafa viljað borga hina umkröfðu upphæð. Aðaláfrýjandi neitar því af sinni hálfu, að nokkur samningur hafi verið gjörður um málsfærslukaupið, og segist hann hafa sett upp »meðal-málsfærslukaup«. Með því að gagnáfrýjandi eigi hefur sannað það, að honum hafi samizt við Pál Einarsson um málsfærslukaupið á þann hátt, eins og hann hefur frá skýrt, eða leitt rök að því, að Páll hafi tekið að sjer málsfærsluna fyrir minna kaup en 40 kr. — en þetta kaup verður eigi talið óvenjulega hátt málsfærslukaup — og með því að það hefur eigi verið

vefengt, að aðaláfrýjandi hafi rjett til að innheimta skuldina sem sína eign, verður að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda 40 kr. með 5% vöxtum frá 13. apríl 1898, unz borgað er, eins og gestarjettardómurinn gjörir. Svo verður gagnáfrýjandi og að greiða málskostnað fyrir báðum dómum, er þykir hæfilega ákveðinn 45 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Gagnáfrýjandi Jón J. Breiðfjörð greiði aðaláfrýjanda Kristjáni Þorgrímssyni 40 kr. með vöxtum 5% frá 13. apríl 1898, unz borgað er, og að auki 45 kr. sem málskostnað.

Dómi þessum skal fullnægja, áður liðnar sjeu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Nr. 25/1898:

Björn Jónasson

gegn

Þórarni Guðmundssyni.

Dómur:

Með dómi gestarjettar Nordurmúlasýslu, uppkveðnum 19. jan. 1898, var áfrýjandinn Björn Jónasson, bóndi á Hámundarstöðum, dæmdur til þess að borga stefnda verzlunarstjóra Þórarni Guðmundssyni 323 kr. 94 a. með 5% vöxtum frá 16. nóvbr. 1897, sem var stefnudagsetningardagur, til þess borgun fer fram, og auk þess 15 krónur.